

Mál nr. 147/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar L.

Kona meiddist við æfingu á líkamsræktarstöð 2.2.2016

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 27.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 3.5.2017.

Málsatvik.

M meiddist á brjóstbaki þegar hún var að gera svokallaða “trap bar deadlift”, þegar M var við þjálfun ásamt fleirum hjá einkaþjálfaranum L. M lýsir atvikum með þeim hætti, að hún hafi byrjað í einkaþjálfun hjá L í ágúst 2015 og hafi M verið með 3-4 öðrum konum sem hafi átt við líkamlega veikleika að stríða, en M er með spengdan mjóhrygg frá árinu 1979. M segir að L hafi sagt sér að framkvæma ofangreinda æfingu og þrátt fyrir að M kveðst hafa gert athugasemdir við það, hafi L sagt henni að framkvæma æfinguna. Við það kveðst M hafa fundið að eitthvað gaf sig í brjóstbakinu og hafi hún misst stöng sem hún hélt á við æfinguna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá V og telur að L hafi sýnt af sér saknæma háttsemi þegar hún lét M gera ofangreinda æfingu. M segir að það hafi verið verulegt gáleysi af hálfu L að láta M framkvæma umrædda æfingu þar sem heildarþyngd hafi verið 25 kg, sem reyni einungis á brjóstbak og mjóbak vitandi af veikleikum M enda telur M að umrædd æfing sé ein erfiðasta æfing sem hægt sé að framkvæma í lyftingasal. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið í æfingum hjá L í sjö mánuði áður en umrætt atvik átti sér stað. V segir að L hafi alltaf lagt áherslu á það við M að hún færi varlega og passa að ofgera sér ekki. Í umrætt sinn hafi M verið að æfa réttstöðulyftu og segir V að æfingin sé mjög einföld og verði seint talin varasöm eða hættuleg. V segir að vátryggingataki segi að hún hafi ekki orðið vör við að neitt óeðlilegt gerðist á æfingunni 2.2.2016 og hafi M hvorki misst stöngina né kvartað vegna meiðsla. Þá bendir V á að fyrirliggjandi læknisvottorð sé ekki tekin afgerandi afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir meiðslum í umræddum líkamsræktartíma. V telur ósannað að meint tjónsatvik eða meiðsl M megi rekja til saknæmrar ólögsmætrar háttsemi L.

Álit.

Af hálfu M er því haldið fram að sú æfing sem M var að gera sé sérstaklega varasöm og hættuleg fyrir fólk sem er með spengdan mjóhrygg. Ekki liggja fyrir sérstök gögn eða sönnun þess í málinu að um sérstaklega varasama og hættulega æfingu sé að ræða, fyrir aðila eins og M, sem er með þann líkamlega veikleika sem að framan greinir og L var kunnugt um. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fullyrt um hvort L hafi gerst sek um verulegt gáleysi þegar hún lét M framkvæma umrædda æfingu eða ekki. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að um sök sé að ræða hjá L sem leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hennar og þá er ekki sýnt fram á að um orsakatengsl sé að ræða milli æfingarinnar sem M framkvæmdi í umrætt sinn og þeirra meiðsla sem hún varð fyrir í brjóstbaki. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 13.6. 2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.